

# FRÉTTABRÉF SSNE

APRÍL 2022

## STAÐARÞING SSNE HALDIÐ HÁTÍÐLEGA

Árþing SSNE var haldið á Fosshótel í Húsavík dagana 8.-9. apríl síðastliðinn. Þetta var jafnframt fyrsta staðarþing samtakanna og var ánægjulegt að geta loks komið saman í raunheimum.

Ýmis mikilvæg hagsmunamál voru á dagskrá ásamt því að gestir ávörpuðu þingið. Í þinghléi bauð Hraðið á Húsavík gestum í heimsókn og kvöldinu lauk með kvöldverði og skemmtun á Fosshótel. **Hér** er hægt að skoða dagskrá þingsins en þingi var síðan slitið um hádegi á laugardeginum.



MYNDIR OG MEIRA

## 60 MILLJÓNIR AF 120 TIL NORÐURLANDS EYSTRA

**Innviðaráðherra hefur úthlutað styrkjum að fjárhæð 120 milljónum króna til átta verkefna á vegum þriggja landshlutasamtaka sveitarfélaga.** Styrkjunum er ætlað að efla byggðir landsins og er úthlutað til sértækra verkefna á sóknaráætlunarsvæðum í samræmi við stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 (aðgerð C.1). Alls bárust 24 umsóknir um styrki að fjárhæð tæpar 816 m.kr. fyrir árin 2022-2026.

Verkefnin sem hljóta styrk á Norðurlandi eystra sem SSNE kemur að eru fjölbreytt og mikilvæg og hlutu styrki upp á samtals um 60 milljónir króna. Þau eru:

**Nýsköpunar- og þróunarverkefni í öldrunarþjónustu í Fjallabyggð.** SSNE fá styrk að fjárhæð kr. 37.675.000,- árin 2022-2024. Með verkefninu er stefnt að því að Fjallabyggð verði nýsköpunar- og þróunarsamfélag á sviði þjónustu við eldra fólk. Markmiðið er að endurmeta uppbyggingu, hugmyndafræði, áherslur, vinnulag, tækni og samhæfingu í velferðarþjónustu hjá sveitarfélaginu.

**Gróðurhús í Öxarfirði.** SSNE fá styrk að fjárhæð kr. 1.500.000,- á árinu 2022, en þetta er framhaldsverkefni. Ráða á verkefnisstjóra með aðsetur á Kópaskeri. Verkefnið snýst um nýtingu auðlinda í Öxarfirði, með jarðhita í sandinum og nýtingu hans fyrir gróðurhús.

**Orkusparnaður á Bakkafirði.** SSNE fá styrk að fjárhæð kr. 10.000.000,- fyrir árið 2022. Bakkafjörður er á köldu svæði og húshitunarkostnaður hár. Markmið þessa verkefnis er að útvega hitun fyrir Hafnartangann og aðliggjandi svæði, en þar má finna alla þjónustu Bakkafjarðar við heimamenn og gesti.

**Áfram Hrísey.** SSNE fá styrk að fjárhæð kr. 10.000.000,- árin 2022-2023. Markaðssetja á Hrísey sem vænlegan búsetukost. Ráðinn verður verkefnisstjóri í því skyni.

Einstaklega ánægjulegar fréttir fyrir landshlutann í heild þar sem þessu metnaðarfullu verkefni munu sannarlega styðja við uppbyggingu svæðisins.

ERT ÞÚ AÐ FYLGJA OKKUR?   

# STYRKJAUMHVERFIÐ

Atvinnuráðgjafar SSNE veita stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla á öllum stigum nýsköpunar. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjамöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingsráði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Athugið að listinn hér er ekki tæmandi fyrir styrki vorið 2022.

- **Tónlistarsjóður** / 2. maí 2022
  - **Fyrir hverja?** Tónlistarfólk, hljómsveitir, kóra og aðra er koma að tónlistarflutningi
  - **Til hvers?** Efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslensku tónlistarfólki
- **Heimsmarkmiðasjóður Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun** / 3. maí 2022
  - **Fyrir hverja?** Fyrirtæki sem eru opinberlega skráð sem slík og eru ekki ríkisaðilar
  - **Til hvers?** Styðja við eflingu atvinnu- og viðskiptalífs í þróunarlöndum
- **Creative Europe** / 5. maí 2022
  - **Fyrir hverja?** Menningarstofnanir hvers konar (bókaútgefendur, menningarmiðstöðvar, listasöfn, bókasöfn, leikhús, gallerí, byggðasöfn, tónlistarskólar, sviðslistir, listamenn o.fl.)
  - **Til hvers?** Hvetja til evrópsks samstarfs í menningu og listum
- **Orkusjóður** / 7. maí 2022
  - **Til hvers?** Styðja við orkuskipti á landsvísu. Verkefnastyrkir fyrir: Bætta orkunýtingu, minnkun olíunotkunar í iðnaði, raf- og lífildsneyti og metan, hléðslustöðvar fyrir samgöngur og orkuskipti í haftengdri starfsemi
- **Lóa nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina** / 11. maí 2022
  - **Fyrir hverja?** Nýsköpunarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins
  - **Til hvers?** Styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, verðmætasköpun og atvinnulíf

[Viðburðadagatal SSNE](#)

[Bóka viðtal hjá ráðgjafa](#)

## FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRK?

Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.

 SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRA

[SJÁ NÁNAR](#)

Verkefnið *Úr mjólk í vín úr nægtabrunni náttúrunnar* hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2021. Markmið verkefnisins er að þróa lífræna drykkjarframleiðslu í Bárðardal þar sem Grasöl og Rabarbarafreyðivín eru þróuð í frumgerðir að framleiðsluvöru. Að verkefninu koma Anna María Bogadóttir (Sunnuhvolfi/Reykjavík) arkitekt, menningarfræðingur og lektor við Listaháskóla Íslands, Friðrika Sigurgeirsdóttir bóndi á Bjarnastöðum og listakona, Guðrún Tryggvadóttir (Svartárkoti), kennari, bóndi og frumkvöðull, Gunnlaugur Friðriksson (Sunnuhvolfi) tölvunarfræðingur og Sigurlína Tryggvadóttir (Svartárkoti) landfræðingur, frumkvöðull, ferðaþjónustuaðili og bóndi í Svartárkoti. Guðrún segir okkur hér aðeins meira um verkefnið:



„Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar þrír af aðstandendum verkefnisins hittust á spjallfundum hjá Nýsköpun í norðri fyrir einu og hálfu ári síðan. Þar sem var verið að velta fyrir sér tækifærum til nýsköpunar og leiðum til að auka starfsemi í Bárðardal“, segir Guðrún Tryggvadóttir framkvæmdastjóri verkefnisins.

Guðrún segir að verkefnið byggir á því að nýta landgæði, vatnssuppsprettur og gæðahræfni sem vex vel í Bárðardal á sjálfbæran hátt. „Í raun byggja drykkirnir á því hræfni sem hér vex og hefur til langs tíma verið nýtt. Reynsla er því komin á að nýting jurta er sjálfbær“, segir Guðrún.

Aðspurð segir Guðrún að innblástur verkefnisins sé byggt á aldargömlum hefðum og ríki þekkingu á hræfnum og áhersla sé lögð á hollustu og hreinleika. „Áhersla er einnig lögð á að hönnun og umgjörð vöru og framleiðslu, endurspeglar gæði og það hvernig hún tengir saman sögu og staðbundna þekkingu við nýsköpun með markmið um sjálfbæra framtíð. Stór þáttur er einnig að auka tækifæri í atvinnustarfsemi á svæði sem á mjög undir högg að sækja hvað varðar atvinnu“.

Verkefnið hefur frá upphafi verið í samstarfi við Nýsköpun í norðri og auðlindadeild Háskólans á Akureyri. „Við erum í þróunarvinnuferlinu og erum svolítið að einbeita okkur að því en erum samt í samstarfi við nokkra aðila hér í héraði. Verkefnið kemur síðan til með að vera í samstarfi við miklu fleiri fyrirtæki hér á svæðinu þegar það er komið af brauðfótunum og kemur örugglega til með að hvetja til enn frekari samvinnu innan svæðis“, segir Guðrún.

Guðrún segir verkefnið hafa hlotið jákvæð viðbrögð en sé stutt á veg komið. „Við höfum hinsvegar átt samtál við fjölda veitingaaðila í héraði sem hafa áhuga á að bjóða upp á drykkina og það er frábært. Næstu skref eru að klára þróunarferli fyrstu vara á markað og útbúa vinnsluáðstöðuna. Við stefnum á að koma inn á markaðinn 2023.“

#### Hvar/hvernig er eða verður hægt að nálgast upplýsingar um verkefnið?

„Fólk er að sjálfsögðu alltaf velkomið að hafa samband ef það vill frekari upplýsingar en síðan verður að þróunartímanum loknum farið í stóru kynningu á verkefninu. Við erum t.d ekki búin að setja upp heimasíðu en það kemur þegar nálgast það að vörurnar verði klárar.“

#### Stuðningur uppbyggingarsjóðs lykilatriði

„Stuðningur frá uppbyggingarsjóði var og er afar mikilvægur fyrir verkefnið og í raun algjört lykilatriði að af verkefninu varð. Uppbyggingarsjóður hefur stutt rækilega við verkefni á starfssvæðinu og ýtt þeim úr vör. Eins og flestir vita sem komið hafa að einhverjum svona frumkvöðlastarfi, þá er fjármagn algjörlega nauðsynlegt til að geta komið hugmyndum af hugmyndastigi yfir í framkvæmd. Við erum afar þakklát uppbyggingarsjóði fyrir þau framlög sem við höfum fengið til verkefnisins“, segir Guðrún að lokum.



## FUNDUR UM INNVIÐI Á NORÐURLANDI



Innviðir á Norðurlandi voru til umfjöllunar á sameiginlegum fundi Samtaka iðnaðarins, SSNE og Landsneti sem haldinn var í Hofi á Akureyri 7. apríl. Yfirskrift fundarins var Innviðir á Norðurlandi - Áskoranir í íbúðauppbyggingu og orkuöflun. Tíu frummælendur voru á fundinum sem fóru inn á mismunandi efnisatriði. Einnig var gestum í sal gefið tækifæri að spyrja frummælendur að erindum loknum. Hægt er að horfa á upptöku frá fundinum [hér](#).

SMELLTU Á YOUTUBE MERKI TIL AÐ HORFA Á INNVIÐAFUND



## ÁRSSKÝRSLA SSNE



Ársskýrsla SSNE fyrir árið 2021 er viðamikil og sérstaklega mikið í hana lagt enda af nógu að taka. Hún er á borð borin á rafrænan hátt með skýrum kaflaskiptum sem gerir hana vonandi auðveldari og áhugaverðari til yfirlstrar. Það kom jafnvel starfsfólki SSNE á óvart við vinnslu hennar hversu viðamikil og víðfeðmt starf samtakanna hefur verið á síðasta ári. Við hvetjum alla áhugasama að kynna sér efnisráðgjafar og koma með ábendingar um störf samtakanna sem nýtast okkur í áframhaldandi uppbyggingu landshlutans. Ársskýrslan er á vef SSNE undir útgefið efni, en auk þess er hægt að skanna QR kóðann hér til vinstri með myndavél á snjallsíma.

## KÖNNUN UM REGLUVERK OG ÞJÓNUSTU



Innviðaráðuneytið óskar eftir tillofum um hvernig megi einfalda regluverk og bæta þjónustu á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Allir eiga kost á því að taka þátt í könnuninni til og með 6. maí nk.

Markmiðið með könnuninni er að greina hvort og hvar lagðar eru óþarfar, flóknar eða óljósar byrðar á einstaklinga, fyrirtæki eða félagsamtök sem þurfa þjónustu eða leita erinda hjá ráðuneytinu eða stofnunum þess.

Könnunin snýr að innviðaráðuneytinu og sjö fagstofnunum þess en þær eru:

- Byggðastofnun
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Rannsóknarnefnd samgönguslysa
- Samgöngustofa
- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Þjóðskrá Íslands

Smelltu hér til að taka þátt

## UPPSKERUHÁTÍÐ MATSJÁRINNAR

Á dögunum var haldin glæsileg uppskeruhátíð og matarmarkaður Matsjárinnar á Hótel Laugarbakka á Norðurlandi vestra. Um var að ræða lokaviðburð 14 vikna "masterclass" námskeiðs sem fór af stað í byrjun janúar 2022. Á þessu 14 vikna tímabili voru haldnir sjö fræðslufundir og sjö svokallaðir heimafundir sem fram fóru á netinu.



Hópur þátttakenda uppskeruhátíðar Matsjárinnar á Hótel Laugarbakka.

Um 75 framleiðendur af öllu landinu fóru í gegnum Matsjána í ár og hafði um helmingur tók á að taka þátt í uppskeruhátíðinni og matarmarkaðinum á Hótel Laugarbakka. Áhugi á matarmarkaðnum og smáframleiðendunum var mikill en talið er að um 100 manns hafi sótt markaðinn.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Samtök smáframleiðenda matvæla, SSNE, SSV, Austurbú, Vestfirðarstofa, SSV, SASS, Heklan atvinnuþróunarfélag og Samtök sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafafyrirtækið RATA sá um að leiða verkefnið fyrir hönd samstarfsaðilanna. Matsjain var styrkt af Matvælasjóði.

MYNDIR OG MEIRA



**Taktu daginn frá 24. júní**

**MÁLÞING VELTEK Í HOFI**

Samþætting heilbrigðis- og velferðarþjónustu, sjálfbær þjónusta, sjálfstæðir notendur

## KRÖFTUG FRÆ OG ELLEFU NÝ TÓNVERK



Vel heppnaðir tónleikar Upptaktsins, tónsköpunarverðlauna barna og ungmenna, fóru fram í Menningarhúsinu Hofi, sunnudaginn 24. apríl. Þar voru ellefu verk 13 ungra tónskálda á aldrinum 11-15 ára frá Akureyri, Eyjafjarðarsveit og Hrísey flutt af atvinnuhljóðfæraleikurum.

Á mynd eru þátttakendur Upptaktsins ásamt Grétu Salóme og Kristjáni Edelstein sem sáu um útsetningu verkanna.

Verkin ellefu voru valin úr innsendum tónlistarhugmyndum, en börn í 5. -10. bekk í skólum á Norðurlandi eystra gátu tekið þátt í verkefninu. Verkin í ár voru afar fjölbreytt, en þar mátti heyra nýklassísk verk, popp-, rokk-, söngleikja-, jazz- og tölvuleikjalag. Lokapunktur Upptaktsins er svo þegar löggin ellefu verða gefin út á YouTube.



Ljósmyndir: Auðunn Nielsson

## STUTTMYNDIN "VAR" VALIN Á STOCKFISH OG VIDEO ART FESTIVAL TURKU 2022

Hin magnaða listakonan Sasha Huber fór fyrir valnefnd alþjóðlegru hátíðarinnar í Turku þetta árið. Ljóst er að hún valdi vel, en VAR er partur af þeim 6% mynda sem voru valdar til sýninga úr tilnefningum. Hátíðin hefst fimmtudagskvöldið 19. maí, vor og tækifæri í lofti fyrir norðenskt listafólk!

Gjörningalistakonan, dansarinn og kvikmyndagerðakonan Anna Richardsdóttir og Áki Sebastian Frostason hljóð- og myndlistamaður standa að myndinni. Einstakt fagfólk með samvinnuá lífs- og vinnusamband sem skilar sér í sterkum áhrifum myndarinnar á áhorfendur og -heyrendur. Þau eru meðgögin.




„The short film VAR is showing a woman who longs to get away from her destiny, her lifelong isolation on the most beautiful spot on earth: her farm, her rubarb garden.“ Eða með orðum Önnu og Áka: „In contrast to the long, dark winter in north of Iceland, the summer brings out a sort of melancholy because it is constantly almost over. Though the reality of women in remote Icelandic farmhouses in the early and mid last century was impacted by isolation, Anna and Áki seek to portray this inter-human longing for freedom, and the difficulties that come with it: The search for pleasure and nourishment in an environment that doesn't fulfill those needs, without being able to leave what still is dear to you; and the occasional resort to madness, during everyday practice.“

Stuttmyndin VAR hlaut jafnframt verðskuldaða athygli er hún var valin til sýninga í mars og apríl á Stockfish film festival.

Gerð myndarinnar hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.

### Hvað gerist 1. janúar 2023?

- Hringrásarhagkerfið nr. 103/2021 taka gildi
- Breyting á:
  - Lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
  - Lögum nr. 7/1998 um höllustuætti og meginvaranir
  - Lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald
- Innleiðing á aðgerðum 1-12 í stefnu ráðherra í úrgangsmálum og sammatlökunum 638 um hringrásarhagkerfið
- Sveitarfélögin gegna lykilstuverki



Ísak Már Jóhannesson frá Umhverfisstofnun fór yfir breytingarnar 1. jan 2023 og þær nýju kröfur til svæðisáætlanagerðar sveitarfélaga

## FRAMTÍÐ NORÐURLANDS Í MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Vinnustofa um framtíðarstefnu Norðurlands í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi

Mánudaginn 25. apríl síðastiðinn buðu SSNE og SSVN í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga til þriggja tíma rafræns fundar og vinnustofu. Viðfangsefnið var framtíðarstefna Norðurlands í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Uppþöku af fundinum má nálgast [hér](#).

Skráðir þátttakendur voru 49 frá 18 sveitarfélögum. Í byrjun fundar fóru sérfræðingar í meðhöndlun úrgangs yfir stöðu úrgangsstjórnunar á Norðurlandi í stuttu máli. Fundurinn var síðan brotinn upp í hópa sem fengu það verkefni að ræða vandamál og lausnir í framtíð úrgangsstjórnunar á Norðurlandi.

Vinnustofan gekk mjög vel og fengust góð gögn sem verða nýtt til vinnu svæðisáætlunar. Stefnt er á að svæðisáætlun fari í kynningu um miðjan maí og opið verður fyrir umsagnir og athugasemdir í sex vikur. Að því loknu verður unnið úr athugasemdum og hún kynnt fyrir nýjum sveitarstjórnunum.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi er sameiginlegt verkefni 20 sveitarfélaga frá Húnaþingi vestra til Langanesbyggðar í austri. Núverandi áætlun byggir á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Áætlunin, sem gerð er til 12 ára í senn, gildir til ársins 2026 og var þessi fundur nauðsynlegur hluti af endurskoðun þeirrar áætlunar.



[SMELTU HÉR TIL AÐ HORFA Á FUNDINN](#)



## Ágrip frá framkvæmdastjóra

Það var okkur sérstök ánægja að geta loksins haldið ársþing SSNE í raunheimum en eins og fram kemur í þessu fréttabréfi þá var þing okkar haldið 8. og 9. apríl á Húsvík. Þing SSNE fara með æðsta vald samtakanna og er vettvangur fyrir umræður og skoðanaskipti um starfsemina. Það var vel mætt á þingið og þátttaka góð í umræðum. Og því lík gleði að fá loksins tækifæri til að hittast, spjalla og hlægja saman.

Annar þemafundur þingmanna Norðausturkjördæmis og landshlutasamtakanna SSNE og SSA var haldinn 5. apríl. Eins og áður var um fjárfund að ræða. Áhersta þessa fundar voru orkumál í kjördæminu. Við fengum góða gesti inn á fundinn. Vilhjálmur Egilsson, formaður starfshóps um áskoranir í orkumálum fór yfir niðurstöður starfshópsins varðandi Norðurland eystra og Austurland, Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets, Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri Rarik fluttu erindi. Í kjölfar kynninganna fóru fram umræður.

11. apríl stóðu SSNE, Eimur, Markaðsstofa Norðurlands, Vístorka og Orkusetur fyrir fundi með fulltrúum allra flokka sem eru í framboði til sveitarstjórnar á Akureyri. Meginþema fundarins voru áskoranir og tækifæri í umhverfis- og loftlagsmálum á Akureyri. Félögin sem stóðu að fundinum kynntu sig og starfsemi sína en lögðu sérstaka áherslu á umhverfismálin og hlutverk þeirra í þeim málaflokki en ekki síður hlutverk sveitarfélaganna. Góðar umræður sköpuðust á fundinum og öruggt er að frambjóðendur hafa fengið gott nesti inn í málaflokkinn og það mun hjálpa þeim að mæta þeim áskorunum sem biða þeirra þegar á hólminn er komið í bæjarstjórn. 3. maí verða haldnir sambærilegir fundir í fjárfundi fyrir frambjóðendur í öðrum sveitarfélögum landshlutans.

Það hefur sjálfsgat ekki farið fram hjá mörgum að undirritaður hefur verið ráðinn í starf forstjóra Norðurorku. Af þeim sökum hefur staða framkvæmdastjóra SSNE verið auglýst laus til umsóknar. Sækja skal um starfið á heimasíðu ráðgjafafyrirtækisins Mögnum og er hlekkur á starfslýsinguna [hér](#). Umsóknarfrestur er til og með 19. maí 2022. Ég hvet alla áhugasama til þess að sækja um starfið, það er einstaklega skemmtilegt, gefandi og fjölbreytt.

Nú er vor í lofti, tíðarfarið yndislegt og við göngum brosandí og bjartsýn inn í vorið.

Með kærri kveðju  
Eyþór Björnsson



FYLGDU OKKUR -   

Vinsamlegast notið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi. [Tenglaupplýsingar má finna hér.](#)  
[Upplýsingar um starfsstöðvar og viðverutíma starfsmanna má finna hér](#)